



Könnunarskurður í gegnum þúst að Syðra Lóni í
Langanesbyggð



Hermann Jakob Hjartarson, Ragnheiður Traustadóttir og Rannveig Þórhallsdóttir

2025

Forsíðumynd: Þúst NP-112:077, mynd tekin til suðurs.



© Sagnabrunnur, Hermann Jakob Hjartarson, Ragnheiður Traustadóttir, og
Rannveig Þórhallsdóttir

Efnisyfirlit

GRUNNUPPLÝSINGAR RANNSÓKNARINNAR	4
ABSTRACT	5
INNGANGUR	6
FYRRI RANNSÓKNIR	7
MARKMIÐ OG KRÖFUR	7
AÐFERÐ	8
LIÓSMYNDIR.....	8
GRIPIR.....	8
SÝNI.....	8
DÝRABEIN	9
FORNLEIFARANNSÓKN	10
NIÐURSTÖÐUR - UMRÆÐUR.....	15
HEIMILDIR.....	17
VIÐAKAUKAR	18
LIÓSMYNDASKRÁ	18
TEIKNINGAR.....	18

Myndaskrá

Mynd 1. Til vinstri: V-1477 gjóskan in situ. Til hægri: H-1104 gjóskan.....	8
Mynd 2. Eini fundurinn var hryggjaliður úr hval. Hann er 30 x15 x 15 cm að stærð.....	9
Mynd 3. Yfirlitsmynd af svæðinu áður en könnunarskurður var tekinn.....	10
Mynd 4. Mikið af kolum og móösku var í gólfinu [12]	11
Mynd 5. Sniðteikning, sem sýnir mannvirki og mannvistarlög.....	12
Mynd 6. Vesturveggur tóftarinnar í forgrunni, þar fyrir aftan má sjá gólf og austurvegginn. Mynd tekin til austurs.	13
Mynd 7. Mannvistarlög vestan við mannvirkið.	13
Mynd 8. Flatarteikning af mannvirkinu, torfveggjum, gólflagi og stétt.....	14

Grunnupplýsingar rannsóknarinnar

Rannsóknarnúmer: 202406-0037.

Safnnúmer Þjóðminjasafns: 2024-34.

Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur): Tilgangur rannsókna er að komast að hlutverki, byggingarlagi og aldri minja NP-112:077.

Tegund rannsóknar: Könnunarskurður vegna vegagerðar.


Staðsetning: Syðra Lón í Langanesbyggð.

GPS hnit: ISN93 hnit: 665779, 637668.

Rannsóknartími: 18-20.06.2024.

Leyfishafi: Hermann Jakob Hjartarson f.h. Sagnabrunns ehf.

Fjöldi starfsmanna: 3.



Kort 1. Staðsetning fornleifarannsóknar á landinu merkt inn með rauðum punkti.

Abstract

Due to road construction, a test trench was excavated in a mound on the land of Syðra-Lón on Langanes. The trench, 18 meters long, was dug into the mound, revealing remains of what appears to be a dwelling or a farm mound. Two turf walls were uncovered with a distinct floor between them. The floor contained charcoal, peat ash, and wood remains, with a layer of collapsed turf above it.

The walls were only partially excavated, while the floor was left untouched. To the east of the structure, flagstones were uncovered, likely part of a pathway, and to the west of the structure was a thick layer of charcoal. The area surrounding the structure is now a marsh. Tephra from the Veiðivötn eruption of 1477 was found in situ above the structure, and tephra from the Hekla eruption of 1104 partially overlay it, possibly also in situ. The only artifact discovered was a whale vertebra found in a disturbed layer.

It is evident that significant human activity occurred in the area, likely involving a dwelling or a farm mound. Two to three building phases are identifiable in the structure, with additional cultural layers discovered beneath the western turf wall and outside the structure. The remains appear to date from the 10th–11th century.

This site may represent the abandoned farm known as Fossvellir or Hrossvellir. The Jarðabók (Land Register) by Árni Magnússon and Páll Vídalín from 1712 mentions Hrossvellir, a deserted farm located between Syðra-Lón and Ytri-Brekkur.

Inngangur

Vegna lagningar nýs vegar, Norðausturvegar um Brekknaheiði í Langanesbyggð, óskaði Vegagerðin eftir því að Sagnabrunnur ehf. tæki að sér fornleifarannsókn til að uppfylla kröfur Minjastofnunar Íslands um rannsókn á vegstæðinu. Rannveig Þórhallsdóttir var tengiliður Sagnabrunns, og Sóley Jónasdóttir fyrir hönd Vegagerðarinnar.

Fornleifaskráning fór fram á vegum Fornleifastofnunar Íslands árið 2019¹, þar sem þúst (NP-112:077) var skráð og talin í hættu vegna nýs vegar. Í bréfi dagsettu 13. febrúar 2024 fór Minjastofnun Íslands fram á að tekin yrði könnunarskurður á svæðinu til að kanna hvort mannvistarleifar leyndust í þústinni og ef svo, hvert hlutverk, byggingarlag og aldur þeirra væri. Minjastofnun Íslands veitti uppgrafterleyfi þann 18. júní 2024. Rannsóknin fékk rannsóknarnúmerið 202406-0037 og safnanúmerið 2024-34 hjá Þjóðminjasafni Íslands. Hermann Jakob Hjartarson, fornleifafræðingur, fór fyrir hönd Sagnabrunns á vettvang dagana 18.-20. júní 2024 og gróf könnunarskurð í hólinn.

Í ljós komu fornar mannvistarleifar og mannvirki með að minnsta kosti tveimur byggingarskeiðum; líklegt er að um bæjarhól sé að ræða. Við úrvinnslu og skýrslugerð unnu síðan auk Hermanns, fornleifafræðingarnir Ragnheiður Traustadóttir og Rannveig Þórhallsdóttir. Hulda Björk Guðmundsdóttir, fornleifafræðingur sá um að hreinteiknaða teikningar ásamt Hermann. Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur, greindi gjókusýni. Gísli Jónsson hjá BJ vinnuvélum sá um gröfuvinnu og lokaði skurðinum þegar ljóst var að ekki yrði frekari rannsókn á svæðinu. Tengiliður við BJ vinnuvélar var Þórir Jónsson.

Sandra Sif Einarsdóttir, forvörður hjá Þjóðminjasafni Íslands, var tengiliður rannsóknarinnar varðandi forvörslu ef gripir skyldu finnast við rannsóknina.

Þakkir fá allir sem lögðu rannsókninni lið.

¹ Gylfi Helgason, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórisdóttir, 2019.

Fyrri rannsóknir

Fornleifaskráning var unnin á vegum Fornleifastofnunar Íslands vegna breytinga á Norðausturvegi yfir Brekknaheiði árið 2019. Engar fornleifarannsóknir sem hafa í för með sér jarðrask hafa farið fram á svæðinu.



Kort 1. Þústin er staðsett suðaustan við þorpið á Þórshöfn.

Markmið og kröfur

Minjastofnun Íslands fór fram á að grafin yrði könnunarskurður í þústina, í umsögn þeirra segir: „Í ljósi ályktunar fornleifafræðinga um að mannvist leynist í þústinni telur Minjastofnun Íslands að fá þurfi fornleifafræðing til að grafa könnunarskurði í rústirnar til að reyna að komast að hlutverki hennar, byggingarlagi og aldri.“²

² Bréf Sóleyjar Jónsdóttur f.h. MÍ til Vegagerðarinnar.

Aðferð

Tekin var 18 m langur og 0,80 m breiður skurður yfir hólinn með gröfu. Ekki var grafið niður í gegnum mannvistarlög. Gerðar voru tvær sniðteikningar og ein flatarteikning. Jarðlögum var lýst og þau ljósmynduð.

Ljósmyndir

Við fornleifarannsóknina voru teknar stafrænar myndir, myndir af jarðlögum og sniðum. Á vettvangi voru uppgrftarljósmyndir skráðar á eyðublöð sem hafa verið hönnuð sérstaklega til þess að skrá slíkar myndir. Alls voru teknar 144 uppgraftarmyndir.

Gripir

Engir gripir fundust við rannsóknina.



Mynd 1. Til vinstri: V-1477 gjóskan *in situ*. Til hægri: H-1104 gjóskan.

Sýni

Tvö gjókusýni voru tekin og hafa þau verið greind. Annarvegjar var um að ræða súra gjósku með skýr einkenni Heklugjósku. Mest hvít hnöttótt vikurkorn. Líklega er um Heklu-1104 að ræða. Erfitt með að sjá hvort hún hafi verið *in situ*, hún er ansi tætingsleg. Hin er líklega úr V-1477, allavega ber glerið sterk Veiðivatnaeinkenni, hún var *in situ*.



Mynd 2. Eini fundurinn var hryggjaliður úr hval. Hann er 30 x15 x 15 cm að stærð.

Dýrabein

Eitt hvalbein fannst, hryggjarliður.

Fornleifarannsókn



Mynd 3. Yfirlitsmynd af svæðinu áður en könnunarskurður var tekinn.


Í fornleifaskráningu frá 2019 var þúst NÞ-112:077 lýst svo: „Áberandi þúst er rúmum 210 m ASA við íbúðarhúsið Ásgarð (b. 1942), rétt sunnan við þéttbýlið á Þórshöfn og um 80 m sunnan við Norðausturveg (85) yfir Brekknaheiði. Afar líklegt er að í henni leynist mannvistarleifar. Þústin er í sunnarlega í túni sem komið er í órækt. Þústin er 25 x 15 m að stærð, rúmlega 2,5 m há og snýr austur-vestur. Hún er með aflíðandi og algrónar hliðar, er ójöfn að ofan og kúpt. Þústin er mjög afgerandi í túninu. Á þessum stað hefur líklega verið náttúrlegur hóll sem síðan hefur verið byggt á. Túnið hefur verið sléttað og engar vísbendingar um mannvist sjást lengur á yfirborði. Líklega leynist þó talsverðar mannvistarleifar undir sverði.“³

Grafinn var skurður í norður enda þústarinnar, 18 m langur og 0,8 m breiður. Skurðurinn lá austur-vestur þvert á hólninn.

³ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Gylfi Helgason og Kristborg Þórisdóttir, 2019, bls. 17.



Mynd 4. Mikið af kolum og móösku var í gólfinu [12].



Mynd 5. Sniðteikning, sem sýnir mannvirki og mannvistarlög.

Snið T-2024-34-2 og 3 er samsett af tveimur teikningum á vettvangi, horft til norðurs. Það var 18 m langt og mannvistarlögin voru um 0,7m að þykkt. Sniðið sýnir leifar af húsi, torfveggjum, og hugsanlega setbekk. Mannvistarlög bæði austan og vestan við mannvirkið. Tvö gjóskulög voru í sniðinu og H-1104 og V-1477.

Jarðlagalýsing
1. <i>Yfirborð: grasrót.</i>
2. <i>Mýri</i>
3. <i>Blandað torflag með: Torf, áfok og lífrænar leifar.</i>
4. <i>Gjóska: H-1104, slitrótt, in situ ?</i>
5. <i>Blandað torflag</i>
6. <i>Torfveggur: grafinn að hluta, strengur.</i>
7. <i>Torflag: hugsanlega setbekkur</i>
8. <i>Torfhrun</i>
9. <i>Gjóska: V-1477 gjóskan in situ.</i>
10. <i>Torfhrun</i>
11. <i>Torfveggur</i>
12. <i>Gólf, kol, móaska</i>
13. <i>Stétt eða hellugólf: hellur og mannvistarlag ofan á hellum.</i>
14. <i>Náttúrulegt: óhreyft lag.</i>

Tveir torfveggir komu í ljós, strengur var í veggjunum en engin gjóska var sjáanleg í torfinu. Ekki var grafið í veggina nema að hluta til. Austur torfveggurinn [6] er um 1,2 m að breidd og vestur torfveggurinn [11] er um 1,5 m breidd. Hugsanlegur setbekkur [7] fannst upp við austurvegg tóftarinnar. Gólf [12] tóftarinnar var að því er virtist þykkt, en ekki var grafið í það. Í gólfinu voru viðarkol, móaska og viðarleifar. Gólflagið er 4,2 m á breidd. Inni í mannvirkinu ofan á gólfinu var svo torfhrun.

Gjóska [9] úr Veðivötnum frá 1477 fannst *in situ* yfir mannvirkinu, og gjóska [4] úr Heklu frá 1104 var að hluta til yfir því, mögulega *in situ*.

Vestan við mannvirkið fundust mannvistarlög, þar á meðal var þykkt kolalag. Einhver mannvistarlög virðast fara undir vesturvegginn, mögulega fleira en eitt.



Mynd 6. Vesturveggur tóftarinnar í forgrunni, þar fyrir aftan má sjá gólf og austurvegginn. Mynd tekin til austurs.




Mynd 7. Mannvistarlög vestan við mannvirkið.

Austan við mannvirkið komu í ljós hellur og mannvistarlag sem hafa líklega verið hluti af stétt [13] sem hefur að öllum líkindum legið að inngangi mannvirkisins rétt sunnan við könnunarskurðinn.

Í kringum mannvirkið er mýri [2].


Eini gripurinn sem fannst var hryggjarliður úr hval [2024-34-1], sem fannst ofarlega í könnunarskurðinum.



Mynd 8. Flatarteikning af mannvirkinu, torfveggjum, gólflagi og stétt.

Niðurstöður - umræður

Greinilegt er að mikil mannvist er á svæðinu og er um mannabústað/bæjarhól að ræða. Gjóskulögin sýna að bærinn er a.m.k. frá því fyrir V-1477, gjóska frá því ári var yfir tóftinni. Þá er líklegt að hann sé enn eldri, þar sem gjóska frá H-1104 er einnig greinileg yfir tóftinni, sú gjóska var þó slitróttari en hin og því ekki hægt að fullyrða að svo sé án frekari rannsókna. Líklega er um skála að ræða sem liggur sennilega norður-suður, könnunarskurðurinn var tekinn í norðurenda hans. Það eru alla vega tveir fasar ef ekki þrír í mannvirkinu, en undir torfveggnum vestan megin komu í ljós mannvistarleifar og einnig fyrir utan mannvirkið.



Kort 2. Tilgáta um mannvirkið.

Litlar sem engar heimildir eru um býli frá þessum tíma á þessum stað. Mögulega er hér bærinn Fossvellir eða Hrossavellir. Í fornleifaskráningu var talið að sá bær hafi staðið um 150 m norðar, eða þar sem spennustöð er í dag.⁴ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1712 er getið um Hrossavelli, fornt eyðiból sem var milli Syðra-Lóns og Ytri-Brekka,

⁴ Gylfi Helgason, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórisdóttir, 2019, bls. 31-32.

þar segir. „Eru þar sýnileg byggingamerki tóftarústa og stórra girðinga, en ekki hefur þar búið verið frá gamallri tíð. Ekki má hjer aftur byggja, því túnið er komið í svarðleysumýri.“⁵ Engar girðingar (garðlög) sjást þarna, en vissulega er staðurinn í mýri og getur þessi lýsing átt við þessa tóft. Í Sýslu- og Sóknalýsingum frá 1840 er ekki að finna neitt um Hrossvelli en þó er getið um eyðihjáleiguna Fossvelli, þar segir að hún sé nú sokkin í mýrina. Einnig segir : „Gömul frásaga gengur hér að nefnt kot hafi eyðilagst, þá séra ,Ólafur Guðmundsson var hér prestur á Sauðanesi um 1502, vegna reimleika af tröllum er hefðu átt að vera í hellir undir fossinum í Fossárgili, en fyrir aðgjörðir bræðranna séra Ólafs og séra Sigfúsar Guðmundssonar á Þóroddsstað í Kinn, er þá var kallaður Galdra-Fúsi, tjáist fyrir hellirinn hrunið og fyllan úr árfarveginum, sem nú er furðu mikill, fyrir neðan fossinn fram í sjó hlaupin.“⁶

Mögulega er Fossvellir annað nafn á Hrossavöllum en Fossá er aðeins í um 300 metra fjarlægð frá tóftinni.

⁵ Jarðabók Árna og Páls, bindi XI, bls. 373.

⁶ Þingeyjarsýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar 1839-1844, 1994, bls. 287.

Heimildir

Gylfi Helgason, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórsdóttir (2019). *Fornleifaskráning vegna breytinga á Norðausturvegi yfir Brekknaheiði í Langanesbyggð*. Fornleifastofnun Íslands ses, FS770-19321.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, ellefta bindi (1943) Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

Kristborg Þórsdóttir. (2020). *Fornleifaskráning vegna breytinga á Jökuldalsvegi í landi Arnórsstaða*. Fornleifastofnun Íslands ses, FS778-19431.

Þingeyjarsýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar 1839-1844 (1994). Björn Hróarsson, Heimir Pálsson og Sigurveig Erlingsdóttir. Reykjavík: Sögufélag.

Viðaukar

Ljósmyndaskrá

Teikningar